

2006

Föstudaginn 6. desember 1991.

Nr. 269/1989. **Guðmundur Vignir Þórðarson og
Ábyrgð h/f**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

**Einari Þór Þórssyni vegna ólögráða
sonar síns, Eypórs Einarssonar**

(Örn Höskuldsson hrl.),

og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabætur. Örorka. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júlí 1989. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með gagnstefnu 29. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. mars 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 2.829.200 krónur með ársvöxtum sem hér segir: „24% frá slysdegi 31. mars 1985 til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. ágúst 1988, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. október 1988, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989,

6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 31. mars 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.“

Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Bifreið aðaláfrýjanda Guðmundar Vignis Þórðarsonar, G-2071, var á þeim tíma, er slysið varð, tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá aðaláfrýjanda Ábyrgð h/f.

I.

Aðaláfrýjandinn Guðmundur Vignir Þórðarson skýrir svo frá í aðilaskýrslu fyrir dómi, að vörubifreiðin G-2071 hafi verið búin að standa í þrjá mánuði á hinu sérstaklega merкта bifreiðastæði í enda íbúðargötunnar Lágholts, þegar slys það varð, sem um ræðir í málinu. Hann kveðst telja, að hann hafi ekið bifreiðinni af bifreiðastæðinu klukkan hálf tíu að morgni sunnudagsins 31. mars 1985 og lagt henni fram undan húsinu nr. 12 við Lágholt, þar sem hann bjó. Hann kveðst hafa verið nýbúinn að selja bifreiðina, og kaupandinn hafi verið væntanlegur til að taka við henni. Er hann hafði lagt bifreiðinni, hafi hann týnt til „dót“ og sett upp á vörupallinn: varahjólbarða, keðjur, fjaðrir og ýmsa varahluti tilheyrandi bifreiðinni. Ekkert af þessu hafi þó staðið aftur af vörupallinum. Kveðst hann síðan hafa farið inn í kaffi og ekki muna, hve langur tími leið frá því og þar til slysið varð.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var óheimilt að láta bifreiðina standa á Lágholt, eftir að lokið var ferminu hennar. Mátti sjá fyrir sérstaka slysaættu stafa af bifreiðinni þar vegna breiddar hennar og búnaðar á afturenda vörupallsins. Bar því aðaláfrýjandanum Guðmundi Vigni að færa bifreiðina þá þegar af götunni. Viðskilnaður hans við bifreiðina var því, eins og á stóð, ólögmatúr og saknæmur og veldur því, að hann ber að lögum fébótaábyrgð á slysi því, sem Eyþór Einarsson varð fyrir, og tjóni hans af þess völdum. Um bótaábyrgð aðaláfrýjandans Ábyrgðar h/f vísast til forsendna héraðsdóms svo og um eigin sök Eyþórs Einarssonar og skiptingu sakar.

Í örorkumati Stefáns Bogasonar lækni, sem vitnað er til í héraðsdómi, segir m.a. á þessa leið:

„Hann lauk ... prófi í vor (1985) með eðlilegum hætti, en gat ekki stundað sund né leikfimi né íþróttir og gerði það heldur ekki í sumar. Aftur á móti hefur hann tekið þátt í öllu skólastarfi síðan í haust, þar á meðal sundi, leikfimi og fótbolta, og ætlar að stunda skíðamennsku í vetur. Hann kvartar ekki yfir neinum óþægindum öðrum en sjónleysi á hægri auga. Þetta er skýr strákur, hressilegur og dugnaðarlegur. Við skoðun eru ör á efra augnloki en augnlokið er nokkuð sigið þannig að það vantar nokkuð upp á að hann geti opnað augað að fullu. Hann var í skoðun hjá Óla Birni Hannessyni augnlækni daginn áður og hafði þá eitthvað lagast frá því hann útskrifaðist af spítalanum. Aftur á móti stendur til að hann fari í aðgerð fljótlega til að lyfta augnlokinu betur en ekki er búist við að það verði jafngott og áður. Augað er eðlilegt að sjá og augnhreyfingar eðlilegar.“

III.

Í forsendum örorkuútreiknings þess, sem hafður er til hliðsjónar í héraðsdómi, segir á þessa leið um tekjuáætlun þá, sem á er byggt:

„Hér er um að ræða ungan pilt. Tekjur hans framvegis áætla ég þannig: Á 15. og 16. aldursári miða ég við 15 vikna vinnu hvort ár á unglingatöxtum Dagsbrúnar. Á 22. aldursári geri ég ráð fyrir 52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467 1/2 yfirvinnustund (10 stundir á viku í 46 3/4 vikur) á taxta Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu (almennt fiskvinnslufólk eftir 3 ár) með 10,17% orlofi. Á 21. aldursári reikna ég með 95% áðurnefndra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári miða ég við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar (það er samkvæmt reynslunni sem næst meðaltal tekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna), sem nú teljast vera 1.227.800 kr. á ári. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.“

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps samkvæmt ofangreindri tekjuáætlun nemur á slysdegi 1.829.200 krónum. Við útreikninginn eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags 31. mars 1989, en eftir

það 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur ráðast af reynslu frá 1976-1980, en líkur fyrir missi starfsorku af reynslu Svía.

IV.

Gagnáfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

- | | |
|---------------------|---------------|
| 1. Örorkutjón | kr. 1.829.200 |
| 2. Miski | — 1.000.000 |

Um 1.

Af hálfu aðaláfrýjenda er ekki gerð athugasemd við örorkumat eða örorkuútreikning, en fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of hárrí. Þegar gögn þessi eru virt og hliðsjón höfð af því, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, svo og af hagræði af því að fá slíkar bætur greiddar fyrir fram í einu lagi, þykir tjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 1.350.000 krónur.

Um 2.

Þegar virt eru meiðsli Eypórs Einarssonar og afleiðingar þeirra og hafður í huga ungur aldur hans, þykir tjón hans vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum hæfilega metið 200.000 krónur. Er þá haft í huga, að vaxtatímabil frá slysdegi er sex ár og átta mánuðir, en jafnframt tekið tillit til verðbótaþáttar vaxta.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 1.033.333 krónur (þ.e. $\frac{2}{3}$ af 1.350.000 + 200.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði óskipt málskostnað í ríkissjóð í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 450.000 krónur. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Örn Höskuldsson hæstaréttarlögmaður, 425.000 krónur í málflutningslaun, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en með gjafsóknarleyfum 11. janúar 1988 og 2. maí 1990 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að aðfinnslur í niðurlagi héraðsdóms eiga ekki rétt á sér.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Guðmundur Vignir Þórðarson og Ábyrgð h/f, greiði gagnáfrýjanda, Einari Þór Þórssyni, vegna ólógráða

sonar hans, Eyþórs Einarssonar, óskipt 1.033.333 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 24% frá 31. mars 1985 til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 20. nóvember 1987, 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 1. mars 1989, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 31. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt í ríkissjóð 450.000 krónur í málkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 425.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. apríl 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 21. júní 1988, af Einari Þór Þórssyni, nnr.

1842-1976, f.h. ólögráða sonar síns, Eypórs Einarssonar, Grundartanga 9, Mosfellsbæ, á hendur Guðmundi Vigni Þórðarsyni, nnr. 3103-3659, Lág-holti 12, Mosfellsbæ, og tryggingafélaginu Ábyrgð hf., nnr. 0878-4760, Lágmúla 5, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 4.500.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málavöxtum er þannig lýst, að 31. mars 1985 hafi Eypór Einarsson, sem fæddur er 8. febr. 1974, verið að hjóla eftir götunni Lágholti í Mosfellsbæ ásamt tveimur félögum sínum. Gata þessi er íbúðagata. Stefndi Guðmundur Vignir Þórðarson hafði lagt vörubifreið, er hann átti, fyrir utan heimili sitt, nr. 12 við þessa götu. Hjólaði Eypór aftan á vörubifreiðina með þeim afleiðingum, að hann slasaðist illa á hægri auga; missti hann varanlega sjón á því, og augnalok lamaðist. Hafði vörubílsþallurinn verið fram-lengdur með svonefndri „vör“, sem var föst í láréttri stöðu, og var þunn stálbrún á enda hennar. Líklegt er talið, að Eypór hafi rekist á þessa stál-brún vinstra megin við miðju pallsins. Sjúkrabifreið kom á staðinn, en lögregla var ekki kölluð til.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að vörubifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið varð, og sé hún tryggð sem slík. Beri stefndi því ábyrgð á tjóninu skv. 67. gr. umferðarlaga.

Þá hafi stefndi Guðmundur Vignir Þórðarson lagt vörubifreiðinni í þrönga umferðargötu, þar sem börn séu iðulega að leik, en skv. reglugerð nr. 610/1983 sé óheimilt að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum. Hafi bifreiðin valdið hættu, þar sem henni var lagt. Útbúnaður bifreiðarinnar hafi verið til þess fallinn að valda vegfarendum auknu tjóni. Hafi sú skoðun stefnda, Guðmundar sjálfs, komið fram, að afleiðingar slyss þessa hefðu orðið mun minni, ef stálbrúnni hefði ekki verið bætt við pallinn. Hinar alvarlegu afleiðingar slyssins megi rekja til útbúnaðar bifreiðarinnar, sem stefndi beri ábyrgð á.

Það sé óupplýst í málinu, hvort Eypór Einarsson hafi rekist á vörubifreiðina sjálfa eða hluti, sem staðið hafi aftur af vörubílsþallinum. Slysið megi ef til vill rekja til farms, sem staðið hafi aftur úr vörubifreiðinni og ekki hafi verið gengið tryggilega frá, en stefndi hafi upplýst, að hann hafi verið að tína á bifreiðina ýmislegt dót. Um sé að ræða vanrækslu, sem bifreiðar-eigandinn beri ábyrgð á. Þar sem lögregla hafi ekki verið kölluð til vegna

slyssins, hljóti stefndi að bera hallann af þeirri óvissu, sem ríki vegna máls-atvika.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar um skaðabætur úr hendi stefndu á almennu skaðabótareglunni, þ.e. stefnandi telur, að stefndi Guðmundur Vignir eigi sök á slysinu. Bendir stefnandi m.a. í því sambandi á reglugerð nr. 610/1983 um bifreiðastöður í Mosfellshreppi. Þá bendir stefnandi enn fremur á 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og á 16. og 22. gr. reglugerðar nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja. Þá vísar stefnandi til 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um kröfur á hendur trygginga-félögum.

Stefnandi kveður kröfu sína vera tvíþætta, annars vegar til skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns og hins vegar sé krafa um miskabætur.

Krafa um fjárhagslegt tjón byggist á útreikningi tryggingastærðfræðings frá 19.12. 1985 og nýjum útreikningi, dags. 31. mars 1989, þar sem í báðum tilvikum sé lagt til grundvallar örorkumat Björns Önundarsonar trygginga-yfirlæknis frá 14. jan. 1985 svo og launataxti Dagsbrúnar. Niðurstaða tryggingastærðfræðingsins sé, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps Eypórs Einarssonar hafi á slysdegi numið 1.829.200 kr. Kveðst stefnandi krefjast greiðslu þessarar fjárhæðar auk vaxta frá slysdegi til greiðsludags.

Krafa um miskabætur vegna ófjárhagslegs tjóns sé byggð á 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Nemi krafan samtals 1.700.000 kr. Um sé að ræða bætur fyrir þjáningu, lýti, óprýði og óþægindi. Jafnframt sé krafist vaxta af þessari fjárhæð frá slysdegi til greiðsludags.

Stefnandi kveður stefnukröfu vera allmiklu hærri en nemi útreiknuðu fjárhagslegu tjóni og miskabótum, en þessa tilhögun kveður hann byggjast á heimild í 45. gr. laga nr. 75/1973, ef til áfrýjunar málsins komi síðar, og sé þannig möguleiki til hækkunar krafna í samræmi við útreiknað fjárhagslegt tjón Eypórs, eins og það kunni að verða í rekstri málsins fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, ef til þess komi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að bótaskylda stefnda Guðmundar V. Þórðarsonar verði ekki byggð á 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem eitt af meginskilyrðum bótaskyldu eftir því ákvæði sé, að rekja megi tjón til ökutækis í notkun. Samkvæmt orðanna hljóðan og skv. dómvenju verði tjón að eiga rót sína í einhverjum af hinum sérstöku hættueiginleikum bifreiðar, svo sem hættu af vélarafli hennar, hraða og þyngd.

Þegar slysið varð, hafi bifreiðin G-2071 staðið kyrrstæð og mannlauk á götunni fyrir utan húsið að Lágholti 12, Mosfellsbæ, heimili stefnda Guðmundar. Vél bifreiðarinnar hafi ekki verið í gangi. Slysið hafi því eingöngu orðið vegna þess, að stefnandi rakst á bifreiðina, en bifreiðin sem slík hafi engan þátt átt í, að slysið varð.

Eftir því sem fram komi í skýrslum stefnda Guðmundar Vignis Þórðar-

sonar og föður stefnanda, muni ekki leika neinn vafi á atvikum að slysinu. Stefnandi mun hafa verið að hjóla á götunni og hafa litið til hliðar og þá lent aftan á vörubifreiðinni. Eftir föður stefnanda, sem komið mun hafa á vettvang strax eftir slysið, sé haft í lögregluskýrslu, sem gerð hafi verið daginn eftir slysið: „Mætti kveðst vilja, að það komi fram, að gaflborð á vörubifreiðinni hafi staðið beint aftur og á horni þess hafi drengurinn lent.“ Þannig leiki ekki nokkur vafi á atvikum að slysinu, og sé engin ástæða til að gera því skóna, eins og fram komi í stefnu, að það hafi orðið á annan hátt en þennan.

Frágangur á pallbrúninni sé í alla staði eðlilegur og ekki óvenjulegur, enda hafi engar athugasemdir verið gerðar við búnað þennan af hálfu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Slysið hafi orðið sunnudaginn 31. mars 1985 um hádegisbil, og sé ekki annað vitað en veður og skyggni hafi verið gott. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð á götunni og hafði staðið þar nokkra stund. Hafi hún þannig verið vel sjáanleg og ekki hættuleg þeim, sem sýnt hafi eðlilega aðgát.

Brot á almennu banni við því að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum, sbr. reglugerð nr. 610/1983, valdi ekki aukinni hættu á slysi sem þessu, sem hefði jafnt orðið, hvort sem bifreiðastöður væru leyfðar eða ekki.

Sýknukrafa sé byggð á því, að stefndu beri ekki ábyrgð á tjóni stefnanda skv. 67. gr. laga nr. 40/1968, þar sem ekki megj rekja það til bifreiðarinnar G-2071 í notkun, vanbúnaðar hennar né saknæms verknaðar eða vanrækslu stefnda Guðmundar Vignis Þórðarsonar.

Stefndu taka fram, að ekki sé gerð athugasemd við örorkumat trygginga-yfirlæknis né útreikning tryggingastærðfræðings á örorkutjóni. Dómkröfum sé hins vegar mótmælt sem allt of háum og í engu samræmi við þau tölulegu gögn, sem fram hafi verið lögð þeim til stuðnings. Ekki sé gerður neinn frádráttur frá kröfum um örorkubætur vegna skattfrelsis bóta. Krafa um miskabætur sé í engu samræmi við dómvenju.

Niðurstaða.

Með framburði aðila og vitna fyrir dómi þykir vera upplýst, að slysið hafi borið að með eftirfarandi hætti: Eypór Einarsson var á heimleið af ípróttæfingu ásamt tveimur félögum sínum. Hjóluðu þeir eftir götunni Lágholti í Mosfellsbæ. Var þá athygli Eypórs vakin á því, að poki, er hann geymdi ípróttadót sitt í, var að losna af bögglaberanum, svo að hætta var á, að hann flæktist í teinum hjólsins. Eypór sneri sér við og lagfærði pokann án þess að stöðva hjólið, en um leið og hann snýr sér við aftur, lendir hann á vörubifreiðinni G-2071. Vörubifreiðin stóð fyrir utan heimili skráðs eiganda hennar, stefnda Guðmundar, og mun einhverjum fleiri bifreiðum hafa verið lagt við sama vegkant í umrætt sinn, en staða þeirra

er óljós. Upplýst er, að gatan er þarna 7,75 m á breidd, en samkvæmt skráningarskirteini er vörubifreiðin 2,48 m á breidd. Guðmundur kveðst hafa verið búinn að selja bifreiðina og hafa lagt henni þarna til þess að tína á hana dóttur, sem átti að fylgja henni, og hefði hann lokið því fyrir stundu, er slysið varð. Kvað hann kaupandann hafa átt að vera kominn og búinn að taka bifreiðina, en honum hefði seinkað.

Vörubifreiðarpallurinn hafði verið lengdur um 20 cm með svonefndri „vör“, sem er þríhyrnt málmstykki og þynnist út í 6-8 mm brún. Stykki þetta er fest þannig á bifreiðina, að hægt er að taka það af, en stöðu þess verður ekki breytt. Þeim, er komu á slysstað, virtist, að Eypór hefði lent á þessari brún. Lögregla var ekki til kvödd, og var því engin vettvangsrannsókn gerð á slysstað. Bar þó eiganda bifreiðarinnar að sjá til þess, að kallað væri á lögreglu, sbr. 2. mgr. 41. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Eftir slysið hafa komið upp getgátur um, að eitthvað hafi staðið aftur af pallinum, sem Eypór hafi rekist á; hafa þó ekki aðrar líkur verið að þessu leiddar en hin alvarlegu meiðsli Eypórs, og þykir þessi málsástæða stefnanda vera ósönnuð. Verður hér að byggja á því, að Eypór hafi lent á „vörinni“ á móts við vinstri afturhjól bifreiðarinnar.

Um það er deilt, hvort bifreiðin hafi verið í notkun í skilningi 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem hún stóð. Bifreiðin var kyrrstæð og vél hennar ekki í gangi, og lokið var við að setja á hana þá hluti, sem henni áttu að fylgja. Ekki verður á það fallist, að hugtakið „í notkun“ í greindu ákvæði hafi svo víða merkingu, að taki til þessa tilviks.

Hins vegar hefur bifreið þá eiginleika að vera hreyfanlegur hlutur. Getur hætta stafað af þeirri staðsetningu, sem bifreið er valin, og telst það til notkunar í víðri merkingu. Með reglugerð nr. 610/1983 var frá og með 10. ágúst 1983 bannað að leggja vörubifreiðum í íbúðahverfum í Mosfellshreppi. Við enda götunnar Lágholts, sem er blindgata, var sérstaklega merkt bílastæði ætlað slíkum bifreiðum. Þar sem stefndi Guðmundur hafði lokið við að ferma bifreiðina, bar honum að flytja bifreiðina aftur út á stæðið. Enn fremur er ljóst, að vegna þessa banns og þar sem slíkum bifreiðum var ætlaður sérstakur staður, máttu íbúar hverfisins ekki búast við, að vörubifreiðinni væri lagt þarna, og á það einnig við um drenginn Eypór, sem fór oft þarna um á leið heim til sín. Ljóst þykir, að vörubifreiðin hafi verið talsvert breiðari en aðrar bifreiðar, sem þarna er lagt og þarna stöðu í umrætt sinn, og að Eypór hafi einmíft rekist á þann hluta hennar, sem skagaði út á götuna. Staðsetning vörubifreiðarinnar í umrætt sinn telst hafa verið til þess fallin að valda vegfarendum hættu, þótt ekki væri um mikla umferðargötu að ræða. Þykir stefndi Guðmundur með þessu hafa brotið gegn greindu banni rgl. nr. 610/1983, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 51. gr. laga nr. 40/1968. Þegar allt þetta er virt, þykir stefndi

Guðmundur eiga sök á tjóni Eypórs Einarssonar skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 með þeirri ólögmatu notkun bifreiðarinnar í víðari merkingu þess orðs að skilja hana eftir á svæði, þar sem bannað var að leggja vöru-bifreiðum.

Dómaranum hefur ekki gefist kostur á að skoða vörubifreiðina, en fram hafa verið lagðar ljósmyndir, sem lögreglan á Húsavík hefur tekið. Á þeim sést glögglega, hvernig nefnd „vör“ er fest aftan á pallinn og lengir gólf hans. Lögboðin glitmerki eru á pallinum sjálfum inn undir vörinni, en engin auðkenni eru á brún hennar, svo sem skylt er, sbr. b-lið 5. gr. laga nr. 40/1968. Auk þess endar brúnin í hvössu horni, svo sem áður hefur verið lýst. Telja verður, að vegfarendum geti stafað hættu af þessum búnaði, og verður hann að teljast óleyfilegur með vísan til 16. gr. reglugerðar nr. 51/1964, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 172/1966 um breytingu á hinni fyrrnefndu. Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1968, ber stefndi Guðmundur ábyrgð á búnaði bifreiðar sinnar. Verður ekki á það fallist, að hann sé firrtur fébótaábyrgð vegna tjóns, er af þessum búnaði hlýst, með því, að engar athugasemdir bifreiðaskoðunarmanna hafa verið skráðar hér um í skráningarskirteini við aðalskoðun bifreiðarinnar.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968 þykir stefnda trygginga-félagið Ábyrgð hf., einnig vera bótaskyld.

Skilja verður ummæli stefndu í greinargerð og við munnlegan málflutning svo, að því sé haldið fram, að Eypór Einarsson hafi sjálfur átt sök á tjóni sínu. Eypór var 11 ára, þegar slysið varð. Verður að ætla, að honum hafi mátt vera ljós sú hættu, sem er því samfara að hjóla án þess að horfa fram á veginn. Bar honum að stöðva hjólið, áður en hann lagfærði íprótta-poka sinn. Með því að gera það ekki þykir hann hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 40/1968. Ber því að skipta sök í málinu, og skal Eypór Einarsson bera sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta tjóns síns.

Í áverkavottorði Óla Björns Hannessonar læknis, dags. 2. júlí 1985, er meiðslum Eypórs þannig lýst: „...Tölvusneiðmyndir (á Borgarspítala) sýndu grun um brot á efri brún augntóttar hægra megin, talsverða mjúk-parta-fyrirferðaraukningu framan við hægra auga og aukna þéttni aftarlega í glerhlaupi hægra augans, sem bendir til blæðingar. Við skoðun við komu (á Landakotsspítala) gat hann ekki opnað hægra auga, hægra augnlok var mikið þrútið, og á því voru tvö stór skurðsár, sem voru tætt og greinilega djúp, því að út um þau gekk djúpliggjandi vefur. Við skoðun er hægra auga algjörlega blint, blæðing í slímhúð, stórt yfirborðssár á hornhimnu, erfitt var að meta augnhreyfingar, en þó greinilegt, að hann gat ekki hreyft augað upp á við, ljósopssvörun benti til skaða á hægri sjóntaug, og við augnspeglun var mjög stór glerhlaupsblæðing aftarlega í glerhlaupi, sem

þakti sjóntaug og miðgróp augans, einng voru nokkrar minni háttar blæðingar frammarlega í glerhlaupi og einstaka deplablæðingar til hliðar í augnbotninum. Vi. auga var eðlilegt að sjá. Var strax undirbúin aðgerð í svæfingu, og var gert við skurðsárin eins og föng voru á. Eftir aðgerðina hefur gangur verið eðlilegur. Við útskrift var hægra auga blint, skurðsárin voru vel gróin, þrotinn í augnlokinu hafði minnkað, og sjúkl. gat opnað augað lítið eitt, hann gat lítið lyft auganu upp á við, ljósopssvörun staðfesti skaða á hægri sjóntaug, hornhimnan var gróin, glerhlaupsblæðingin var farin að leysast upp og byrgði alla innsýn, svo að augnbotn var ekki sjáanlegur". Niðurstaða læknisins er sú, að hægra auga sjúklingsins sé blint til frambúðar og efra augnlok þess sigið. Örorka Eypórs af völdum slyssins var metin af Stefáni Bogasyni lækni 14. október 1985 þannig:

Frá slysdegi í einn mánuð 100%

Eftir það í 4 mánuði 50%

Varanleg 20%.

Örorkutjónsútreikningur er gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni trygginga-stærðfræðingi, fyrst 19. des. 1985 og endurreiknað 31. mars 1989. Í hinum síðari reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 1.829.200 kr., og er þá miðað við einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% vexti og vaxtavexti eftir það. Ekki er tekið tillit til skatta.

Þegar örorkutjónsútreikningur er hafður til hliðsjónar, lítið er til æsku Eypórs og þess, að missir auga hlýtur að skerða möguleika hans til starfsvals og tómstunda í framtíðinni, tillit tekið til skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis og þess, að í örorkumati felst að einhverju leyti afstaða til miska viðkomandi, sérstaklega þegar örorka er eigi metin meiri en hér er, þá þykja bætur vegna fjártjóns hæfilega metnar 1.100.000 kr. og miski 400.000 kr. og bætur samtals 1.500.000 kr. Þar af ber stefnandi sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta, og skulu stefndu því greiða honum in solidum 1.000.000 kr. auk almennra sparisjóðsvaxta, svo sem nánar greinir í dómsorði, frá slysdegi til endurútreikningsdags örorkutjónsbóta, 31. mars 1989, en dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Leggja má vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 1988. Með hliðsjón af málalokum þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, er ákveðst 201.148 kr. Þar af greiðist rikissjóði réttargjöld, 840 kr., stefnanda vegna útlagðs kostnaðar 20.308 kr., og skipuðum talsmanni stefnanda, Erni Höskuldssyni hrl., í málflutningsþóknun 180.000 kr. Þóknun þessi er ákveðin án söluskatts, sbr. hrd. frá 8. febrúar 1989.

Það athugast, að það verður að teljast eðlilegri málatilbúningur af hálfu stefnanda að áskilja sér rétt samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 til að hækka kröfur að ákveðnu marki, komi til áfrýjunar málsins, heldur en að setja fram kröfur, svo sem gert er í máli þessu, sem enga stoð eiga í gögnum málsins og aðili reynir ekki að rökstyðja. Þykir þetta þó ekki eiga að varða hann réttarspjöllum.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Vignir Þórðarson og tryggingafélagið Ábyrgð hf., greiði in solidum stefnanda, Einari Þór Þórssyni f.h. ófjárráða sonar hans, Eyþórs Einarssonar, 1.000.000 kr. með ársvöxtum sem hér segir: 24% frá slysdegi, 31. mars 1985, til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% frá þeim degi til 1. maí 1987, 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, 15% frá þeim degi til 21. september 1987, 17% frá þeim degi til 11. október 1987, 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars 1988, 19% frá þeim degi til 11. júní 1988, 23% frá þeim degi til 21. júní 1988, 24% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 26% frá þeim degi til 21. ágúst 1988, 22% frá þeim degi til 1. september 1988, 12% frá þeim degi til 11. október 1988, 9% frá þeim degi til 21. október 1988, 6% frá þeim degi til 1. desember 1988, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 8% frá þeim degi til 31. mars 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1990.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, 201.148 kr., þannig: réttargjöld 840 kr. til ríkissjóðs, stefnanda vegna útlagðs kostnaðar 20.308 kr. og skipuðum talsmanni stefnanda, Erni Höskuldssyni hrl., 180.000 kr. í málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.